

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 141

Apríl 2018

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 17. apríl 2018 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins:

Ólafur Ingólfsson - Íslenski ísaldarjökullinn
Hallgrímur Magnússon - Drekaleiðangurinn um Austurfjöll Grænlands

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 17. apríl 2018 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Tvö erindi eru á dagskrá fundarins. Það fyrra um ísaldarjökulinn á Íslandi og það seinna um frækna ferð nokkurra félaga um fáfarnar jöklaslóðir á Grænlandi.

Ólafur Ingólfsson, prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands mun fjalla um ísaldarjökulinn sem lagst hefur yfir Ísland á jökulskeiðum. Ísöldin, sem hófst fyrir 2,6 milljón árum, markast af því að það hafa skifst á jökulskeið og hlýskeið. Á hámarki jökulskeiða var Ísland að mestu hulið jöklum, sem gengu frá ísaskilum á hálendinu, og um dali, firði og flóa flæddu ísstraumar út til landgrunns. Endurteknar jöklanir hafa þannig mótað landslag og umhverfi okkar. Í erindinu verður farið yfir sögu hugmynda um ísaldarjökulinn, og hvernig sýn okkar á virkni hans og hegðun hafa breyst í tímans rás. Þá verður rakið hvernig þróun ísaldarjökulsins endurspeglar samspil loftslagsbreytinga, sjávarstöðu og jarðskorpuhreyfinga í tíma og rúmi. Að síðustu verður gerð tilraun til að magngera jökulinn á hámarki síðasta jökulskeiðs, fyrir um 20 þúsund árum, og kynnt líkön sem skoða þróun hans í gegnum jöklaleysingu og hop.

Að loknu kaffihléi þá mun Hallgrímur Magnússon segja frá fjögurra vikna skíðaferð þeirra Hallgríms, Einars Stefánssonar, Leifs Arnar Svavarssonar, Skúla Magnússonar og Tómasar Júlíussonar um austurfjöll Grænlands, um 1300 kílómetra leið milli Scoresbysunds og Isortoq (nærri Angmagssalik). Til samanburðar má nefna að leiðin þvert yfir hájökulinn til vesturstrandarinnar er töluvert styttri. Þetta var mikil ævintýraferð um fjalllendi Grænlands, austan við hájökulinn en eigi að síður í reginfjöllum með miklum skriðjöklum, jökulbreiðum og háum tindum. Hæst fóru þeir félagar í 3000 m hæð.

SUMARFERÐ

Sumarferð JÖRFÍ er fyrirhuguð í Kerlingarfjöll og Setrið helgina 10. - 12. ágúst 2018. Lagt verður af stað kl. 13:00 á föstudeginum. Gist verður í tvær nætur í Setrinu og þar verður sameiginlegur kvöldverður á laugardagskvöldinu. Félagsmenn, vinir og fjölskyldur velkomin.

Ferðin verður auglýst nánar í upphafi sumars. Þátttöku má tilkynna Þóru Karlsdóttur, í síma: 866-3370 eða netfangi: „thorakarls@gmail.com“.

AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI

Sjálfbóðaliðar Jöklarannsóknafélagsins halda áfram reglubundnum afkomumælingum á Mýrdalsjökli. Næsta mælingaferð er fyrirhuguð hvítasunnuhelgina 19. - 21. maí. Áhugasamir félagar í JÖRFÍ eru velkomnir með á jöklabifreiðum sínum en reynt verður að skipa þeim í laus sæti sem ekki komast á eigin farartæki.

Frekari upplýsingar um ferðina birtast á vefsíðu félagsins: “<http://jorfi.is>” er nær dregur.

FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hafa nú verið hækkuð lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin verða kr. 7.200,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 3.600,-.

BREYTINGAR Á HEIMILISFÖNGUM OG NETFÖNGUM

Til að tryggja að tímaritið Jökull og fréttabréf Jökklarannsóknafélagsins komist félögum til skila þá leitast stjórn JÖRFÍ við að halda félagatalinu uppfærðu. Við biðjum því félaga um að senda okkur upplýsingar um nýtt heimilisfang og/eða netfang ef breytingar eru væntanlegar eða hafa orðið síðustu misserin. Ef félagar sakna Jökuls eða fréttabréfs þá sakar ekki að senda okkur línu með réttu heimilisfangi og netfangi og við athugum hvort eitthvað sé rangt skráð í félagatalinu. Upplýsingar óskast sendar um viðmót á vefsíðu félagsins: ”http://jorfi.is/?page_id=102”, annars með tölvuskeyti á ”stjorn hjá jorfi.is” ef það er hentuga.

AÐALFUNDUR 2018

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn í Öskju 27. febrúar 2018. Fundarstjóri var eins og í fyrra Tómas Jóhannesson og Finnur Pálsson var fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Þær breytingar urðu í varastjórn að Sigurður Vignisson var kjörinn í stað Ragnars Þórs Jörgensen, en Ragnar ákvað að gefa ekki kost á sér áfram. Engar breytingar urðu á valnefnd. Elías B. Elíasson sem verið hefur endurskoðandi reikninga félagsins frá 1977 hafði ákveðið að hætta og var Garðar Briem kjörinn í hans stað. Fundurinn þakkaði Elíasi fyrir löng og farsæl störf í þágu félagsins. Fundargerð aðalfundar er aðgengileg á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”. Á fyrsta stjórnarfundum þann 12. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundum 4. apríl.

Stjórn JÖRFÍ 2018:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Vilhjálmur S. Kjartansson, Sigurður Vignisson, Hálfán Ágústsson og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ 2018:

Rannsókn nefnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálfán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Þórður Örn Reynisson.

Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Þór Jörgensen, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanefnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Verður skipuð í maí.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Gjörfnefnd: Þóra Karlsdóttir formaður og Ástvaldur Guðmundsson.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson